



Fundargerð

Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd mánudaginn 12. nóvember
2019

kl. 13:00 í fundarsal SSS.

Mættir: Kjartan Már Kjartansson, Ólafur Helgi Kjartansson, Guðmundur Helgi Önundarson, Magnús Stefánsson, Jón Guðlaugsson, Sigurður Skarphéðinsson, Fjölfnir Guðmundsson og Fróði Jónsson.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- 1) Mál. Farið yfir aðgerðir vegna sprengiefnis í Njarðvík.
 - Ólafur fer yfir aðgerðina og rýmingu sem fór af stað þegar fannst mikið magn sprengiefnis í gám á aðstöðu verktaka við Hafnarbraut í Reykjanesbæ.
- 2) Mál. Afleiðingar ef sprenging hefði orðið.
 - Ekki er hægt að staðhæfa neitt um það fyrr en greiningarskýrsla frá sprengideild LHG og sérsveit Ríkislögreglustjóra verður lokið. Þó er ljóst að afleiðingar hefðu orðið mjög miklar og mikil almannahætta.
 - Stjórn Almannavarna Suðurnesja vill færa öllum viðbragðsaðilum sem að aðgerðinni komu, lögreglu, slökkviliði, björgunarsveitum á svæði 2, Landhelgisgæslunni, sérsveit Ríkislögreglustjóra, starfsmönnum Reykjanesbæjar og öðrum sem að komu, innilegar þakkir fyrir vel útfærða aðgerð þar sem hagsmunir almennings voru hafðir að leiðarljósi og var vinna viðbragðsaðila fagleg og samstarf aðila mjög gott.
- 3) Mál. Minnisblað frá Herdísí Sigurjónsdóttur vegna viðbragðsáætlana sveitarfélaga.
 - Jón fer yfir minnisblað af fundi sem framkvæmdastjóri og formaður sátu með Herdísí þar sem farið var yfir vinnu vegna viðbragðsáætlana sveitarfélaga.

Kenn. 114-16
J.P.
T

4) Fjárhagsáætlun 2020.

- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 lögð fram og er hún hækkuð í samræmi við vísitölu.
- **Fjárhagsáætlun samþykkt.**

5) Önnur mál.

- Búið er að setja upp stýrihóp vegna nýrrar aðgerðarstjórnarstöðvar í nýrri slökkvistöð BS og mun Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri leiða þann hóp og fer sú vinna af stað á næstu vikum.
- Fjölur segir frá fundi sem er fyrirhugaður vegna áhættu af völdum efnamengunar, sýkla, geislunar, veira, kjarnorku eða sprengiefna. Formlegt fundarboð hefur ekki verið sent út.

Fundi slitið kl. 14:00

Fjórir fjórir
Jóhanna Steingrimsdóttir
Jóhanna Steingrimsdóttir

Guðrún, H. ÖRUNDAR.

Kjartan Mía Kjartan